

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 17. desember 2024 í máli nr. 62/2024

Kæruneftndina skipa í þessu máli lögmennirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 12. júní 2024 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að fella niður kröfu á hendur honum. Þá gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að hætta að senda út reikninga án frekari skýringa um tilurð kröfunnar. Varnaraðili gerir aðallega kröfu um frávísun málsins. Til vara gerir varnaraðili kröfu um a kröfum sóknaraðila verði afnað.

II

Málsmeðferð hjá kæruneftndinni

Með tölvubréfi, dags. 13. júní 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust nefndinni þann 15. júlí 2024. Athugasemdir sóknaraðila bárust 18. júlí 2024.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila, samantekt skriflegra samskipta aðila, afrit af reikningi, afrit af greiðslukröfu í heimabanka sóknaraðila og vottorð frá[...].

Með bréfi, 17. desember 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kæruneftndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun sóknaraðila kemur fram að honum hafi borist reikningur í heimabanka án allra upplýsinga um viðkomandi kröfu. Í kjölfar þess að sóknaraðili óskaði skýringa á tilurð kröfunnar fékk hann sendan reikning frá varnaraðila þar sem kemur fram að gjald sé innheimt vegna „viðveru“ ökutækis [...] í eigu sóknaraðila á bílastæðinu að [...] í [...] þann 7. nóvember 2023 auk vangreiðslugjalds. Sóknaraðili bendir á að hann hafi verið staddur á [...] umræddan dag og kröfunni því ekki beint að réttum aðila. Sóknaraðili hafi ekki vitneskju um staðsetningu ökutækisins umræddan dag og bendir á að það hvíli á varnaraðila að sanna að bifreiðinni hafi verið lagt á umræddum stað þann 7. nóvember. Sóknaraðili hafi óskað eftir því við varnaraðila að krafan á hendur honum yrði felld niður en honum borist þær skýringar að kröfu sé beint að eiganda ökutækis. Þá hafi hann ítrekað óskað eftir upplýsingum um á hvaða lagaheimild varnaraðili byggði kröfuna. Sóknaraðili bendir á að samkvæmt meginreglu kröfuréttar hvíli það á varnaraðila að sýna fram á með hvaða hætti stofnaðist til kröfunnar og á hvaða grundvelli hún er reist. Sóknaraðila telji varnaraðila ekki hafa sýnt fram á framangreint.

Í kvörtun vísar sóknaraðili til dóms Héraðsdóms Vesturlands í máli nr. E-315/2006 og dóms Landsréttar í máli nr. 571/2022 til stuðnings kröfu sinni. Sóknaraðili telur að af ofangreindum málum verði ekki séð að eiganda ökutækis beri að greiða kröfu fyrir vangreidd bílastæðagjöld sem eru rekin á einkaréttarlegum

grunni, ef til kröfunnar hefur stofnast vegna athafnar annars manns. Skráður eigandi bifreiðar beri ekki ábyrgð á greiðslu gjalds vegna ökutækis nema heimild sé fyrir því í settum lögum. Af þeim sökum gerir sóknaraðili kröfu um að varnaraðila verði gert að fella niður kröfu á hendur honum.

Varnaraðili hefur vísað til þess að hafa undir höndum myndir af ökutæki í eigu sóknaraðila þegar því var ekið inn og út af bílastæði að [...] þann 7. nóvember 2023. Að sögn varnaraðila var bifreiðinni ekið út af stæðinu án þess að bílastæðagjald væri greitt. Sóknaraðila hafi því, sem skráðum eiganda bifreiðarinnar, verið sendur reikningur fyrir viðveru auk umsýslugjalds. Gjaldið byggist á lengd viðveru sem fylgst er með í rafrænu myndavélaeftirliti.

Varnaraðili gerir aðallega kröfu um frávísun málsins og byggir frávísunarkröfu sína á þeirri málsástæðu að sóknaraðili eigi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins, enda hafi sóknaraðili sjálfur lýst því yfir að hann hafi hvorki keypt vöru né þjónustu af varnaraðila. Sóknaraðili hafi ekki greitt umþrætt bílastæðagjald og eigi því ekki lögvarða hagsmuni í málinu.

Varnaraðili gerir til vara kröfu um að kröfum sóknaraðila verði hafnað. Varnaraðili vísar til þess að bifreið sóknaraðila hafi verið ekið á bílastæðið að [...] þar sem eigandi þess býður upp á bílastæðapjónustu. Víðskiptavinir geti lagt bifreiðum á bílastæðinu gegn gjaldi og að upplýsingar um gjald og afleiðingar þess að ekki sé greitt fyrir viðveru á svæðinu sé auglýst með skýrum hætti. Óumdeilt sé að ekki hafi verið greitt fyrir viðveru bifreiðar [...] þann 7. nóvember. Varnaraðili bendir á að innheimta gjaldsins byggist á meginreglum eignar- og kröfuréttar sem varinn sé í 72. gr. stjórnarskrár

Varnaraðili byggir á því að sóknaraðili beri ábyrgð á umræddu bílastæðagjaldi sem skráður eigandi bifreiðarinnar [...], enda séu löglíkur á að eigandi bifreiðarinnar sé notandi hennar. Sönnunarbyrði um að sýna fram á annað hvíli á sóknaraðila. Varnaraðili vísar til þess að framlagt vottorð sóknaraðila teljist ekki lögfull sönnun þess efnis að sóknaraðili hafi ekki verið ökumaður eða farþegi í bifreið [...] umrætt sinn. Sóknaraðili hafi ekki sýnt fram á hver hafi ekið bifreiðinni umrætt sinn en varnaraðili skorar á sóknaraðila að upplýsa um slíkt og færa sönnur á að sóknaraðili hafi ekki verið ökumaður bifreiðarinnar þegar henni hafi verið ekið á umrætt bílastæði.

V

Niðurstaða

Varnaraðili rekur bílastæði við [...] og innheimtir gjald af þeim sem leggja bifreiðum sínum þar. Að sögn varnaraðila kemur fram á skilti á bílastæðinu að gjald sé tekið fyrir notkun á stæðinu. Þá sé ljósmynd tekin af bifreiðum sem aka inn á bílastæðið þar sem fram kemur skráningarnúmer bifreiðarinnar og tímasetning innaksturs. Önnur mynd sé tekin við akstur út af stæðinu og þannig hægt að reikna viðverutíma bifreiða. Reikningur sé sendur á skráðan eiganda bifreiðar ef gjald hefur ekki verið greitt fyrir afnotin. Varnaraðili sendi sóknaraðila kröfu í heimabanka að fjárhæð 4.559 krónur. Samkvæmt framlögðum reikningi var gjald fyrir viðveru á bílastæði 1.059 krónur en vangreiðslugjald 3.500 krónur. Ágreiningur málsins lýtur að heimild varnaraðila til að krefja sóknaraðila um greiðslu umþrætts reiknings.

Varnaraðili gerir aðallega kröfu um að málinu verði vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa á þeim grundvelli að sóknaraðili hafi ekki lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins. Kærunefndin bendir á að aðila máls greinir á um lögumtæki reiknings og ábyrgð á greiðslu hans. Fyrir liggur að varnaraðili hefur krafist sóknaraðila um

greiðslu gjalds vegna viðveru á bílastæði að [...] auk vangreiðslugjalds, sbr. framlagðan reikning. Óumdeilt er að krafa hefur verið send í heimabanka sóknaraðila. Af þeim sökum verður að telja að sóknaraðili hafi lögvarða hagsmuni af úrlausn málsins hvað kröfu um niðurfellingu reiknings varðar.

Hvað varðar kröfu sóknaraðila um að varnaraðila verði gert að hætta að senda út reikninga án frekari skýringa um tilurð kröfunnar bendir kærunefndin á að lög nr. 81/2019 taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu. Kröfu sóknaraðila, sem lýtur að almennri heimild varnaraðila til gefa út og senda reikninga, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa, sbr. a. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019.

Sóknaraðili hefur vísað til þess að ekki sé óumdeilt að bifreið, í eigu sóknaraðila, hafi verið lagt á bílastæði í eigu varnaraðila. Undir rekstri málsins óskaði kærunefnd vöru- og þjónustukaupa eftir að varnaraðili legði fram mynd til sönnunar þess að bifreið [...] hafi verið lagt á umræddu bílastæði. Í svari frá varnaraðila kemur fram að fyrirtækið hafi ekki heimild til að senda myndina í gegnum tölvupóst. Í kjölfarið óskaði nefndin eftir upplýsingum frá varnaraðila um hvort óskað hafi verið eftir heimild Persónuverndar til miðlunar skv. 5. tölul. 10. gr. reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun. Kærunefndin hefur ekki verið upplýst um að varnaraðili hafi óskað eftir slíkri heimild. Kærunefndin bendir á að varnaraðili einn hefur yfir gögnum að ráða sem geta sýnt fram á hvort bifreið sóknaraðila hafi verið ekið inn á umrætt stæði. Eins og atvikum málsins er háttað verður að líta svo á að varnaraðili beri sönnunarbyrðina fyrir því að bifreið sóknaraðila hafi verið lagt á gjaldskyldu stæði. Að framangreindu virtu er það mat kærunefndarinnar að varnaraðili hafi ekki fært sönnur fyrir því að bifreið [...] hafi verið lagt á gjaldskyldu bílastæði í eigu sóknaraðila þann 7. nóvember 2023. Þar að auki verður sóknaraðila ekki gert að greiða vegna viðveru á bílastæði nema það hafi verið hann sem nýtti sér þjónustuna í umrætt sinn, sbr. Hrd. 7/2024. Ber kærunefndinni því að fallast á kröfu sóknaraðila um niðurfellingu reiknings, dags. 7. nóvember 2023, að fjárhæð 4.559 krónur.

VI

Úrskurðarorð

Varnaraðila, Y, ber að fella niður reikning, dags. 7. nóvember 2024, á hendur sóknaraðila, X.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 15.000 krónur með vísan til 4. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson